

## Fundargerð

33. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, laugardaginn 13.mars 2004, kl. 10:20.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Hreinn Jónasson, Sigurður Pétur Sigmundsson og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

1. **Fundargerð 32. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.**

2. **Fjármál**

- a) Ársreikningar FRÍ fyrir árið 2003 áritaðir af stjórn. Formaður lýsti yfir ánægju sinni með bættri afkomu sambandsins á sl. tveimur árum.
- b) Fjárhagsáætlun vegna ársins 2004 lögð fram.
- c) Reglur um endurgreiðslu keppenda vegna þátttöku í mótum erlendis. Formaður lagði fram tillögu um lækkun gjalda, bæði félaga og einstaklinga fyrir þetta ár og næsta. Samþykkt.
- d) Ákvörðun um hlutdeild FRÍ í afreksstyrkjum. Samþykkt að 5% af afreksstyrkjum félaga renni beint til félaga án nokkurra skilyrða frá 1.janúar 2004, 80% beint til íþróttamanns og 15% til FRÍ. Ef getur óskað eftir því við FRÍ að 5% renni beint til íþróttmanns.

3. **Frjálsíþróttaping 26.-27.mars í Hlégarði, Mosfellsbæ.**

Þorsteinn Þorsteinsson kom inn á fundinn til að gera grein fyrir tillögum varðandi breytingar á lögum FRÍ og reglugerðum, en hann hefur haft verkefnisstjórn á því fyrir hönd stjórnar. Þorsteinn gerði grein fyrir þeirri vinnu og lagði eftirfarandi til:

Að lögum og reglugerðum FRÍ verði skipt upp í fjóra flokka, a, b, c, og d. Í flokki **a** verði lög FRÍ, í flokki **b** verði allar reglugerðir um mót og í flokki **c** aðrar mótatengdar reglugerð. Í flokki **d** verði allar aðrar reglugerðir. Gert er ráð fyrir að stjórn skipi nefnd eða vinnuhóp til að fara yfir allar reglugerðir og breytingar verði lagðar fyrir aukaping FRÍ sem boðað verði til á sama tíma og mótaping FRÍ í haust. Samþykkt.

- a. Tillögur stjórnar fyrir þingið. Stjórnin samþykkti að leggja eftirfarandi tillögur fram fyrir þingið:
  - Tillaga að fjárhagsáætlun FRÍ 2004/2005
  - Tillaga að mótaskrá 2004/2005/2006
  - Tillaga að Mótaskipulag 2004-2008
  - Tillögur um MÍ og Bikarkeppni FRÍ.
  - Tillaga um Íþróttamannanefnd FRÍ
  - Tillaga um lækkun gjalda vegna mótapátttöku.
  - Tillaga um fagteymi FRÍ
  - Tillaga um breytingar á lögum FRÍ
  - Tillaga um breytingar á reglugerðum
- b. Tillögur frá sambandsaðilum
  - Lagðar fram tvær tillögur frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks.
  - Lagðar fram samtals 14 tillögur frá frjálsíþróttaráði Reykjavíkur.
  - Lagðar fram tvær tillögur frá Stefáni Halldórssyni.
- c. Dagskrá þingsins. Lögð fram drög að dagskrá fyrir þingið, samþykkt með smávægilegum breytingum á uppsetningu dagskrárliða. Þorsteinn yfirtók fundinn.

#### 4. **Móta- og landsliðsmál**

- a) HM í Budapest. Lögð fram skýrsla landsliðsþjálfara.
- b) Samþykkt tillaga frá landsliðsþjálfara að kaupa myndbandsupptökuvél fyrir sambandið. Leita skal samþykkis formanns eða gjaldkera fyrir kaupunum.
- c) Bikarkeppni FRÍ 6.-7.ágúst. Tvær umsóknir lágu fyrir um að halda Bikarkeppni FRÍ í sumar, frá UMSB/Skallagrímsvöllur og FH/Kapakriki. Rætt. Ákvörðun frestað.
- d) Úthlutun um MÍ í lengri hlaupum. Samþykkt tillaga Sigurðar Péturs um að halda MÍ í maraþonhlaupi samhliða Mývatnsmaraþoni 18.júní og MÍ í hálfu maraþoni í Akureyrarhlaupi UFA 18.september. Þá var samþykkt að óska eftir umsóknum frá mótshöldurum um að halda MÍ í 10000 m hlaup karla og 5000 m hlaupi kvenna á braut.
- e) Evrópubikarkeppnin 2004. Sigurður Pétur fór yfir stöðu varðandi undirbúning vegna Evrópubikarkeppninnar. Guðmundur Kristinsson kom á fundinn.

#### 5. **Lagt fram**

- a) Samningur við Guðmund Kristinsson vegna undirbúnings fyrir Evrópubikarkeppnina og fjáraflana fyrir FRÍ, en samningurinn gildir út júlí 2004.
- b) Lögð fram Ársskýrsla UFA fyrir árið 2003.
- c) IAAF, nýjar reglur í lyfjamálum.

#### 6. **Innsend erindi**

- a) Lagt fram bréf frá Þóreyju Eddu Elísódóttur, dagsett 7.mars sl. um þjálfaramál á Ólympíuleikunum. Vísað til Íþróttá- og afreksnefndar.
- b) Lagt fram bréf frá Menntamálaráðuneytinu vegna Evrópubikarkeppni. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt kr. 300.000 í styrk vegna lokahófs eftir mótið.
- c) Lagt fram bréf frá ÍTR vegna Evrópubikarkeppni. ÍTR hefur samþykkt kr. 300.000 í styrk vegna lokahófs eftir mótið.
- d) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 1.mars sl., um niðurstöður úr lyfjaeftirliti. Björn Margeirsson var boðaður til lyfjaeftirlits í kjölfar íslandsmets, þann 10.feb. sl. Engin lyf af bannlista fundust í sýninu.
- e) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 19.febrúar sl., um að FRÍ eigi rétt á 7 fulltrúum á Íþróttþing 24.-25.mars nk.
- f) Lagt fram tölvupóstbréf frá UMFT vegna Sunnu Gestdóttur. Vísað til Íþróttá- og afreksnefndar.

#### 7. **Önnur mál**

- a) Kynningarblað. Daði Rúnar Jónsson, Bergur Hallgrímsson og Róbert Freyr Michelsen komu á fundinn og kynntu hugmyndir sínar að útgáfu kynningarblaðs um frjálsíþróttir. Stjórnin samþykkti að FRÍ gefi út blaðið út, sem hluta af kynningu sambandsins fyrir Evrópubikarkeppnina í júní. Gert verði samkomulag um útgáfuna við þá félagi.

Fundi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.